


Maxímús Músíkús

Hver á hvaða hljóðfæri?

Litaðu línurnar og finndu út hver á hvaða hljóðfæri.



Maxímús Músíkús er forvitin lítil mús sem býr í tónlistarhúsinu Hörpu og er í raun eina veran sem á lögheimili í þessu stóra húsi. Maxi hefur mikinn áhuga á tónlist og finnst hún vera það besta í öllum heiminum. Maxi er áhugasamur og opinn fyrir öllu nýju án nokkurra fordóma, alveg eins og börnum er tamt að vera, og sér fljótt broslegu hliðina á málunum.

Lagið hans Maxa

Maxímús Músíkús
fann sér skjól við feiknarstórt hús.
Inn svo læddist undurhljótt
svaf í holu sætt og rótt.
Maxi, Maxi, Maxi, Maxi mús
hugfanginn hann trítlar um tónlistarhús.
Maxímús Músíkús
músík mús.

Strengjahljómur sykursætur
svífur inn í hjartarætur.
Hmmm...

Trommuslög og lipur lúðragjöll,
litlum músum vekja hlátrasköll.
Maxímús Músíkús
músík mús.

Maxímús Músíkús
um tónlistina fróðleiksfús.
Að loknum leik við lófadyn
hneigir sig öll hljómsveitin.
Maxi, Maxi, Maxi, Maxi mús
hugfanginn hann trítlar um tónlistarhús
Maxímús Músíkús
músík mús.

LITLI TÓNSPROTINN
Fjölskylduröð Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Maxímús Músíkús heimsækir hljómsveitina

Laugardagur 26. september 2015



MAXÍMÚS MÚSÍKÚS HEIMSÆKIR HLJÓMSVEITINA

Hallfríður Ólafsdóttir hljómsveitarstjóri
Valur Freyr Einarsson sögumaður
Helga Sigríður Kolbeins Maxímús Músíkús
Hallfríður Ólafsdóttir höfundur
Þórarinn Már Baldursson myndir

Tónverkin:
Maurice Ravel *Bóleró*
Ludwig van Beethoven *Sinfónía nr. 5, fyrsti þáttur*
Aaron Copland *Hátíðargjall fyrir hinn almenna borgara*
Sigvaldi Kaldalóns *Á Sprengisandi*
Hallfríður Ólafsdóttir *Lagið hans Maxa*




Ævintýrið um tónelsku músina Maxímús Músíkús hljómaði fyrst í Háskólabíói í mars 2008. Í dag hafa fjögur ævintýri um Maxa verið gefin út, öll frumflutt af Sinfóníuhljóm-sveit Íslands. Ævintýrin má lesa á mörgum ólíkum tungumálum og því má með sanni segja að Maxi hafi öðlast alþjóðlega frægð.

Þó Sinfóníuhljómsveit Íslands hafi fyrst hljómsveita kynnst Maxa hafa margar aðrar hljómsveitir, í ýmsum löndum, flutt ævintýrið fyrir unga hlustendur á öllum aldri.

Höfundar Maxa koma úr röðum hljóðfæraleikara Sinfóníunnar, víóluleikarinn Þórarinn teiknar Maxa og flautuleikarinn Hallfríður semur sögurnar og stjórnar hljómsveitinni í dag. Valur Freyr Einarsson sögumaður hefur verið með í ævintýrum Maxa frá upphafi. Sérstakur verndari verkefnisins er Vladimir Ashkenazy, heiðursstjórnandi hljómsveitarinnar.


BÓLERÓ

Bóleró eftir franska tónskáldið Maurice Ravel er byggt á síendurteknu stafi við trommuhryn sem á rætur sínar að rekja til spænska dansins bolero. Verkið hefst á örfáum hljóðfærum en smátt og smátt bætast fleiri í hópinn og undir lokin er öll hljómsveitin farin að leika saman.



HÁTÍÐARGJALL

Hátíðargjall fyrir hinn almenna borgara eftir bandaríska tónsmiðinn Aaron Copland er lúðrakall til heiðurs venjulegu fólki en áður fyrr voru lúðragjöll samin til heiðurs kóngum og aðalsfólki.



ÖRLAGASINFÓNÍAN

Stef fyrsta þáttar úr Örlagasinfóníunni eftir Ludwig van Beethoven er sennilega frægasta stef allra tíma og hefur verið líkt við óþreyjufullt bank örlöganna sem knýja á dyr hjá tónskáldinu. Beethoven hafði verið að tapa heyrn smám saman en var búinn að missa hana alveg þegar hann samdi þessa sinfóníu. Hann gat heyrt tónlistina innra með sér og samdi heilmörg tónverk eftir þetta.

Vissirðu þetta?
Þrik hljómsveitarstjórnans
er kallað tónsproti.


Á SPRENGISANDI

Á Sprengisandi eftir Sigvalda S. Kaldalóns er eitt vinsælasta sönglag þjóðarinnar. Það er oft leikið sem aukalag á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sérstaklega á tónleikaferðalögum og vekur hvarvetna mikla hrifningu enda frábærlega útsett af fyrrum liðsmanni Sinfóníunnar, Páli Pampichler Pálssyni.

Vissirðu þetta?
Fremsti fiðluleikarinn er kallaður
konsertmeistari. Hann leiðir
hljómsveitina og sér um að hún sé
samstillt.

LAGIÐ HANS MAXA

Lagið hans Maxa varð til eitt síðkvöld við píanóið. Hallfríði fannst nafnið hans Maxa skoppa svo skemmtilega að allt í einu var orðið til lag. Þau Haffí og Tóti hnoðuðu saman textann sem fjallar um ævintýri Maxa í tónlistarhúsinu og í lok tónleikanna fá tónleikagestir að syngja lagið með Sinfóníuhljómsveitinni.



Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sinfóníuhljómsveit Íslands var stofnuð árið 1950. Í henni eru hljóðfæraleikarar sem allir eru meistarar hver á sínu sviði. Hljómsveitin heldur tónleika í Hörpu og á ferðum sínum innanlands og utan. Á hverju ári eru haldnir margir leikskólatónleikar, skólatónleikar og fjölskyldutónleikar.

Kíktu á www.sinfonia.is/Maxi til þess að vita meira um Sinfóníuhljómsveitina og Maxa.

